Nr. 34.
13.
desbr.

# Lög

um

stækkun lögsagnarumdæmis og bæjarfjelags Akureyrarkaupstaðar.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Jörðin Eyrarland með hjáleigunum Barði og Hamarkoti, að undan skildum Glerárdal, og jörðin Kotá, báðar í Hrafnagilshreppi, skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi og bæjarfjelag Akureyrarkaupstaðar frá fardögum 1896.

2. grein.

Frá sama tíma tekur Akureyrarbær að sjer $1/8$ hluta af fátækrabyrði Hrafnagils hrepps, eins og hún var við árslok 1894, og að öðru leyti eptir samkomulagi milli beggja sveitarfjelaga.

3. grein.

Verzlunarlóð bæjarins skal að eins ná yfir hina fornu kaupstaðarlóð, þ. e. Akureyri og Oddeyri með þeim ummerkjum, sem verið hafa, að viðbættri landspildunni fra suðvesturhorni lóðar Jóh. Halldórssonar beina línu ofan við brekkubrún út að Grófargili í vörðu, sem þar verður sett, og þaðan beina línu í vörðu á klöpp fyrir utan og neðan Hamarkot, og þaðan beina línu í vörðu fyrir neðan Glerárgljúfur.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 13. desember 1895.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 34.
13de
Decbr.

om

## Udvidelse af Købstaden Akureyris Jurisdiktion og Kommune.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Jorden Eyrarland med Afbyggerstederne Bard og Hamarkot (Glerardal dog fraregnet) samt Jorden Kotá begge i Hrafnagils Rep, henlægges fra Fardag 1896 under Købstaden Akureyris Jurisdiktion og Kommune.

§ 2.

Fra samme Tidspunkt overtager Købstaden Akureyri en ottende Del af Hrafnagils Reps Fattigbyrde, saaledes som denne befandtes ved Udgangen af Aaret 1894, og iøvrigt efter Overenskomst mellem de to Kommuner.

§ 3.

Den til Handelsanlæg i Købstaden bestemte Grund omfatter alene den tidligere Købstadgrund, nemlig Akureyri og Oddeyri med de hidtilværende Grænser, dog med Tilføjelse af Arealet fra Sydvesthjørnet af Joh. Halldorssons Grund inden for en lige Linje langs den øverste Kant af Bakken til en Varde, som bliver bygget ved Grafargil, og en lige Linje derfra til en Varde paa Klippen vesten og nedenfor Hamarkot, samt endelig en lige Linje til en Varde nedenfor Glerorgljufur.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 13de December 1895.**

---

**Ministeriet for Island, den 13de December 1895.**

*J. Nellemann.*

---

*Olafur Halldórsson.*